



Síldarminjasafn Íslands ses
Snorrágata 15, 580 Siglufjörður, kt. 661006-1530
safn@sild.is – www.sild.is – s. 467 1604

Ársskýrsla Síldarminjasafns Íslands ses. 2022

Eftir tvö verulega krefjandi ár í rekstri safnsins (2020 og 2021) má með sanni segja að árið 2022 hafi verið gott. Samkomutakmarkanir voru úr sögunni og safngestum fór að fjölga verulega. Raunar hafa safngestir aldrei fyrr verið fleiri og fjölgaði þeim um 45% frá fyrra ári og voru rétt tæplega 30.000 talsins. Hlutfall erlendra gesta var 70% og skipulagðar leiðsagnir um sýningar safnsins voru 495 auk þess sem 62 síldarsaltanir fóru fram á planinu við Róaldsbrakka. Þá heimsóttu 420 nemendur á öllum skólastigum Síldarminjasafnið í skipulögðum námsheimsóknum og íbúar Fjallabyggðar eru jafnframt tíðir gestir á safninu og voru um 530 á árinu.

Í upphafi árs voru fastráðnir starfsmenn við safnið þrír; Anita Elefsen, Edda Björk Jónsdóttir og Inga Þórunn Waage – í 2,5 stöðugildum en í árslok fjórir í jafnmörgum stöðugildum. Daníel Pétur Daníelsson hóf störf í janúarbyrjun og var upphaflega ráðinn til eins árs, til að leysa af Ingu Þórunni sem var í barnsburðarleyfi frá áramótum og fram í desember – en í árslok var Daníel Pétur fastráðinn. Edda Björk sem hafði verið í hálfu starfi jók starfshlutfall sitt og sinnir nú fullu starfi. Ráðnir voru níu sumarstarfsmenn, sjö önnuðust gestamóttöku, safngæslu, þríf, leiðsagnir og þjónustu við gesti en tveir sinntu viðhaldi og öðrum tilfallandi verkefnum. Gerður var samningur við Starfsendurhæfingu Norðurlands vegna ráðningar eins sumarstarfsmanns, og gafst það samstarf afar vel.

Starfsfólk Síldarminjasafnsins tók þátt í ýmsum ráðstefnum, málþingum, fundum og samvinnuverkefnum. Þar ber að nefna þátttöku safnstjóra í vinnustofum um uppbyggingu Tækniminjasafnsins á Seyðisfirði í kjölfar aurskriðanna. Þátttöku starfsfólks í fjórum faglegum vinnustofum Eyfirska safnaklasans og SSNE sem fram fóru í október. Þá sóttu þau Edda Björk og Daníel Pétur námskeið á vegum FÍSOS um uppsetningu gripa á sýningum auk þess sem Edda Björk flutti erindi á alþjóðlegu málþingi ICOM UK á alþjóðlega safnadaginn. Safnstjóri sótti alþjóðlegt þing sjóminjasafna í Halifax í septembermánuði og starfsfólk sótti árlegan Farskóla safnmanna á haustdögum sem þetta árið fór fram á Hallormsstað. Þá er Síldarminjasafnið að auki þátttakandi í evrópuverkefninu „Endurreisn Liechtenstein bruggverk-smiðjunnar í Kostelec nad Černými lesy“ sem felst í endurgerð upprunalegs tækjabúnaðar og uppsetningar, hönnunar og opunar á einstöku bruggsafni og skjalasafni í Kostelec nad Černýmilesy í Tékklandi. Verkefnið hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði EES og hófst formlega þann 15. apríl 2021 og er áætlað að því ljúki árið 2024. Hlutverk Síldarminjasafnsins í verkefninu er að veita ráðgjöf um um hönnun sýninga sinna og þróun gestaupplifunar (e. visitor experience). Á vordögum sóttu tveir starfsmenn Síldarminjasafnsins vinnustofur í Tékklandi og sömuleiðis kom hópur frá Tékklandi í vettvangsferð til Siglufjarðar síðsumars.

Skráning á safnkosti fór sem fyrr fram með skipulegum hætti og lögð var megináhersla á að ljúka við ljósmyndun og ítarskráningu allra botnamerkja í safnkostinum og hefja yfirferð, ítarskáningar og flutning á safnkosti í bráðabirgðageymslum í Batahúsi. Að auki var allur textill í safnkostinum skráður,

Ljósmyndaður og honum pakkað til framtíðarvarðveislu og hafist var handa við að skrá alla gripi á sýningu safnsins í Veiðarfæraverzlun Sigurðar Fanndal, í anddyri Bátahússins, en þar eru rúmlega 1.000 gripir sem allir voru óskráðir. Ný aðföng bærust sem fyrr og voru tölusettar 74 nýskráningar í aðfangabók, sem innihalda alls um 374 gripi, auk tuga eldri aðfanga sem voru ítarskráð og færð í Sarp. Í Sarp, menningarsögulegan gagnagrunn, voru skráðar 448 færslur, sem hver inniheldur eitt eða fleiri aðföng og eru nú um 3.600 aðföng frá Síldarminjasafninu skráð í kerfið. Að venju var skráningu ljósmynda sinnt skipulega og er samstarf við eldri borgara staðarins þar lykilatriði. Þrjátíu og sex myndasýningar voru haldnar á Skálarhlíð, dvalarheimili aldraðra og greindar voru um 2.600 ljósmyndir á árinu með hjálp eldri borgara.

Síldarminjasafninu voru færðar ýmsar góðar gjafir á árinu og ber þar helst að nefna listaverkið *Síldartorfuna* sem listamennirnir Alexandra Greiss og Jorel Heid frá Þýskalandi færðu safninu. Tvær innrammaðar ljósmyndir af siglfirskum skíðaköppum sem forsætisráðherra gaf í heimsókn sinni á vordögum. Togvíraklippur af Ægi sem Landhelgisgæslan afhenti í maímánuði. Síðustu síldartunnuna frá Dale í Noregi sem loks rataði á leiðarenda og er nú komin til framtíðarvarðveislu á safninu og snertiskjái sem Vildarvinir Siglufjarðar færðu safninu til miðlunar á kvikmynduðu efni.

Viðburðahald var fjölbreytt á árinu. Sextíu og tvær síldarsaltanir fóru fram á planinu við Róaldsbrakka eins og fram hefur komið, en jafnframt má nefna að Síldarminjasafnið tók virkan þátt í Eyfirska safnadeginum. Listsýningar voru settar upp í Gránu og í Tankanum í júlímánuði auk þess sem tónleikar Þjóðlagahátíðar fóru að hluta fram í húsakynnum safnsins. Safnið stóð fyrir opnu húsi til heiðurs Hallgrími Helgasyni rithöfundu, en hann hefur sagt frá því að kveikjan að skrifum hans um fólkið í Segulfirði hafi verið heimsókn á Síldarminjasafnið. Þá fór fram Bátasmíðanámskeið í Gamla Slippnum í október þar sem unnið var að viðgerð súðbyrtra báta. Námskeiðið var mjög vel sótt og komust færri að en vildu. Í aðdraganda jóla stóð starfsfólk safnsins fyrir jólatónleikum í Bátahúsinu og runnu allar tekjur af tónleikunum til jólaaðstoðar Mæðrastyrksnefndar.

Síldarminjasafnið var í hópi þeirra fimm safna sem tilnefnd voru til Íslensku safnaverðlaunanna 2022 – fyrir framúrskarandi fræðsluverkefni sem unnið var í samstarfi við Grunnskóla Fjallabyggðar 2020-2021. Til gamans má geta þess að Síldarminjasafnið hlaut íslensku safnaverðlaunin árið 2000, í fyrsta sinn sem þau voru veitt.

Framkvæmdum við Salthúsið miðaði mjög vel áfram, enda er uppbygging hússins forgangsverkefni ár frá ári. Húsið kemur til með að stórbæta aðstæður til varðveislu safnkosts og annarra faglegra starfa með bættari aðstöðu fyrir starfsfólk. Lokið var við alla málningarvinnu á neðri hæð hússins og er þeim verkþætti þar með lokið. Lokið var við uppsetningu ljósa, rofa og tengla í varðveislurými á neðri hæð hússins. Salerni voru sett upp, vaskar og ofnar í varðveislurými á báðum hæðum. Epoxy var lagt á eldhús og búr. Þá var hafist handa við smíði á bryggjupalli utan við húsið og smíði á stiga milli hæða. Að auki lagði starfsfólk safnsins gríðarlega vinnu í þrif, frágang, flutning safnkosts og annað þar fram eftir götunum. Erfiðinu og árangrinum var svo fagnað í aðdraganda jóla þegar fyrsta veislan var haldin í húsinu, fyrir starfsfólk safnsins, stjórn og helstu velunnara.

Í nóvembermánuði gerði mikla úrkomu á Siglufirði um tveggja daga skeið, með þeim afleiðingum að brunnar urðu yfirfullir og frárennislagnir á safnsvæðinu höfðu ekki undan. Vatn flæddi upp um gólf og yfir sökkulinn á Njarðarskemmu, svo vatnshæðin innanhúss varð rétt tæpir 80 cm. Við tók mikið björgunarstarf; fyrst að dæla vatninu út úr húsinu og þurrka það, síðar að meta skemmdir á gripum, kortleggja sýninguna og bráðabrigðaskrá hana, pakka öllum gripum og munum í kassa eða á vörubretti

og að lokum flytja til geymslu. Ljóst er að leggjast þarf í miklar framkvæmdir á bæði húsinu sjálfu, sem og frárennismálum á svæðinu áður en sýningin verður sett upp aftur.

Rekstur safnsins gekk vel á árinu. Tekjur voru í takt við gestafjölda og hafa aldrei verið hærri. Heildarvelta ársins nam 101 mkr. og hækkuðu tekjur af rekstri um tæp 87% eða 27,7 mkr. frá fyrra ári og tóku framkvæmdir í Salthúsinu og önnur verkefni mið af því. Rekstrarniðurstaða ársins 2022 var neikvæð um 424.000 kr.

Siglufirði, 17. mars 2023

A handwritten signature in black ink that reads "Anita Elefsen". The signature is written in a cursive, slightly slanted style.

Anita Elefsen, safnstjóri